

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
9. fundur 2023 (122. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 18.12.2023 kl. 10:30 í fundarsalnum Örninn hjá Isavia ANS að Nauthólsvegi 66 Reykjavík.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	utanríkisráðuneytið, öryggissvæðið

Gísli Pálsson boðaði forföll.

Gestur fundarins var Friðfinnur Skaftason verkfræðingur í innviðaráðuneyti.

1. Verklagsreglur um samskipti milli skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar og Isavia

Lögð voru fram drög að tillögu að verklagsreglum um samskipti milli skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar og Isavia.

Drögin verða kynnt Isavia og verða síðan væntanlega tekin til afgreiðslu hjá nýskipaðri skipulagsnefnd á nýju ári.

2. Erindi frá Kadeco varðandi skipan í vinnuhóp um þróun Reykjanesbrautar frá Fitjum að Flugstöð

Lagt var fram afrit af erindi Kadeco, dags. 12.12.2023, til Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Isavia varðandi skipan fulltrúa í vinnuhóp um þróun Reykjanesbrautar frá Fitjum að Flugstöð.

Skipulagsnefndin samþykkti að Björn Ingi Edvardsson skipulagsfulltrúi verði fulltrúi nefndarinnar í vinnuhópnum. Hann er jafnframt fulltrúi Isavia í hópnum.

3. Flugbrautakerfi Keflavíkurflugvallar

Í framhaldi af fyrri umræðum var rætt um framtíðarflugbrautakerfi Keflavíkurflugvallar. Var m.a. rætt um svokallaðar skábrautir og nýja N – S braut og hvaða braut væri brýnust í náinni framtíð.

4. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar er fyrirhugaður 29.01.2024. Er þá gert ráð fyrir að boðaðir verði nýskipaðir aðal- og varamenn í nefndinni auk fráfarandi nefndarmanna.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>